

Skapandi Tónlistarstjórnun 2025-Haustnámskeið

undir stjórn Sigrúnar Sævarsdóttur-Griffiths



Dýnamískt, leikandi og praktískt námskeið, þar sem farið verður ofaní kjölinn á skemmtilegum og einföldum ferlum sem gera lærdum sem leiknum kleift að semja saman nýja tónlist. Námskeiðið hentar öllum þeim sem kenna, iðka eða nýta tónlist í starfi sínu og hafa áhuga á að efla hinn skapandi þátt.

'Þetta þarf ekki að vera flókið til að fúnkera!'
Þátttakandi ágúst 2024

30. og 31. ágúst 2025

10.00-16.00

Á sal Nýja Tónlistarskólans

Grensásvegi 3-5 Reykjavík

Haustnámskeið í skapandi tónlistarstjórnun eru sívinsæll liður í upphafi nýs starfsárs hjá tónlistarkennurum, tónmenntakennurum og stjórnendum kóra og hljómsveita. Tímanum verður skipt á milli praktískra ferla og umræðna, þar sem hópurinn mun kryfja viðfangsefnið, spyrja spurninga og ræða hvernig hægt væri að þróa efnivið áfram og aðlagða að þeirra eigin starfsumhverfi.

Hópurinn mun á stundum vinna saman sem ein heild eða skiptast niður í smærri einingar, fyrir stutt verkefni sem kynnt verða jafnóðum. Samfélagið sem myndast á þessum skemmtilegu námskeiðum er nánast jafn mikilvægur liður og verkefnið, en þar hittast fagaðilar frá hinum ýmsu hliðum tónlistarstarfs á Íslandi og bera saman bækur sínar.

Dæmi um viðfangsefni:

- Upphitunaræfingar
- Rhythmaæfingar
- Söngspuni
- Hópeflisæfingar
- Tónsmíðaferli út frá gefnum upphafspunktum

Mér líður mjög vel! Góð innspýting í árið!

Þátttakandi 2024

Námskeiðsgjald 45.000kr.-

Skráning fer fram á sigrunsae@yahoo.co.uk

- Hægt er að sækja um styrki frá endurmenntunarsjóðum stéttarfélaganna.

Námskeiðið gaf mér tækifæri til að vera partur af stórkostlegri hugmyndavinnu með frábæru fólki

Þátttakandi 2021

Um leiðbeinandann:

Sigrún Sævarsdóttir-Griffiths er kennari og fagstjóri við Guildhall School of Music and Drama í London og stofnandi og listrænn stjórnandi MetamorPhonics, sem rekur tónlistarverkefni með heimilislausum og fólki í endurhæfingu á Bretlandi og á Íslandi. Sigrún er tónlistarkona, kennari og stjórnandi skapandi samfélagstengdra tónlistarverkefna innan akademískra stofnanna sem og með hinum ýmsu listastofnunum um allan heim, með sérhæfni á sviðum geðheilbrigðis og með jaðarsettum samfélagshópum. Í tólf ár styrði Sigrún mastersnámi við Guildhall School of Music and Drama sem bar nafnið Masters in Leadership, en Sigrún kennir enn við skólann og er fagstjóri greina í samfélagstengdum listum fyrir tónlistarnema í grunnnámi og framhaldsnámi. Sigrún hefur verið gestakennari við Listaháskóla Íslands frá stofnun og hefur stýrt námskeiðum í skapandi tónlistarstjórnun fyrir tónlistarkennara og stjórnendur á Íslandi síðan 2006. Hún var einn stofnenda og aðalstjórnenda hins margrómaða Guildhall Connect samfélagsverkefnis Guildhall listaháskólans, sem hlaut The Queen's Anniversary Award í Bretlandi árið 2005. Hún hefur fengið hin ýmsu verðlaun fyrir starf sitt, t.d. fyrstu verðlaun Guildhall Creative Entrepreneurs 2019, Hvatningarverðlaun íslensku tónlistarverðlaunanna 2023 og Worshipful Company of Educators Award for the Performing Arts 2025. Sigrún trúir staðfastlega á mikilvægi þess að allir hafi tækifæri til tónlistariðkunnar og aðgengi að listum, og að listastarf sé það afl sem auðgi líf einstaklingsins og geri samfélögum kleift að koma saman, stuðli að umburðarlyndi, jákvæðni og samkennd.